

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 153/2009

frá 4. desember 2009

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn og bókun 30 við EES-samninginn, um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) Bókun 30 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 223/2009 falla úr gildi reglugerð (EB, KBE) nr. 1101/2008 ⁽⁴⁾ og reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 ⁽⁵⁾, en þær gerðir hafa verið felldar inn í samninginn og ber því að fella þær úr samningnum.
- 5) Öllum vísunum til hagskýrsluáætlunarnefndarinnar (HÁN) í bókun 30 við samninginn ber að breyta í vísanir til nefndar um Evrópska hagskýrslukerfið (NEH).

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XXI. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. 17. liður (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008) hljóði svo:
„32009 R 0223: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur og niðurfellingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB, KBE) nr. 1101/2008 um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum í

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 15, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 43, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 70.

⁽⁵⁾ Stjtið. **EE** L 52, 22.2.1997, bls. 1.

hagskýrslum til Hagstofu Evrópubandalaganna, reglugerðar ráðsins (EB) nr. 322/97 um hagskýrslur Bandalagsins og ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE um að koma á fót hagskýrsluáætlunarnefnd Evrópubandalaganna (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164).“

2. Brott falli texti liðar 17a (reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97).

2. gr.

Bókun 30 við samninginn breytist sem hér segir:

1. 6. mgr. 1. gr. hljóði svo:

„Um meðferð hagskýrslna frá EFTA-rikkjunum skal fara eftir ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 223/2009 frá 11. mars 2009 um evrópskar hagskýrslur (Stjtíð. ESB L 87, 31.3.2009, bls. 164).“

2. Í stað orðanna „hagskýrsluáætlunarnefndin (HÁN)“ í 1. mgr. 1. gr. komi orðin „nefnd um Evrópska hagskýrslukerfið (NEH)“.
3. Í stað orðanna „HÁN/EES“ í 1. mgr. 1. gr. og 7. mgr. 1. gr. komi orðin „NEH/EES“.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 223/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
O.H. Sletnes
formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.